

Almenn umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011

Kjarninn miðlar ehf., útgefandi Kjarnans og Vísbendingar, telur að frumvarp mennta- og menningarmálaráðherra um breytingar á lögum um fjölmiðla, sem hefur það markmið að koma á stuðningi við öflun og miðlun fréttu og fréttatengds efnis, sé mikið þarfaverk og gott fyrsta skref í átt að því að bæta stöðu íslensks fjölmiðlaumhverfis.

Í um áratug hefur hið opinbera valið að standa hjá og horfa á rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla, líttilla sem stórra, verða mjög krefjandi, og fyrir suma óbærilegt. Gömlu viðskiptamódelin sem héldu einkareknum fjölmiðlum öflugum eiga mjög undir högg að sækja, meðal annars vegna tækni- og upplýsingabyltingarinnar sem hefur gjörbreytt öllum neytendavenjum.

Hún leiðir af sér að sífellt færri vilja greiða fyrir fréttir og fréttavinnslu og hefur gert það að verkum að nýjar tegundir miðla, sérstaklega samfélagsmiðlar, eru farnir að taka til sín sífellt stærri sneið af tekjum sem áður runnu til íslenskra miðla.

Það er staðreynd að atgervisflótti og spekileki er úr starfsstétt blaða- og fréttamanna. Fært fólk endist ekki í starfi vegna lélegra launa, álags og áreitni sem því fylgir að fjalla um samfélagsmál í örsamfélagi. Þessari þróun þarf að snúa við. Nær öll lönd í kringum okkur átta sig á mikilvægi öflugra fjölmiðla fyrir lýðræðið og gera sitt til að tryggja starfsemi og öryggi þeirra.

Færa má rök fyrir því að það sé enn mikilvægara í jafn litlu samfélagi og tungumálasvæði og Ísland er. Ef ráðamenn eru þeirrar skoðunar að fjölmiðlar séu nauðsynlegur hluti, jafnvel hornsteinn, lýðræðisins þá þarf að grípa inn í þróunina og tryggja fjölbreytta flóru öflugra fjölmiðla.

Varðandi efnisatriði frumvarpsins þá lýsir Kjarninn sig að uppistöðu samþykkan þeim ramma sem mótaður er um endurgreiðanlegan kostnað og skilyrði sem þarf að uppfylla, með nokkrum undantekningum sem raktar eru nánar hér að neðan.

Það er til að mynda nauðsynlegt að vera með skilyrði um rekstrarsögu, starfsmannafjölda og um hversu stórt hlutfall birts efnis þurfi að vera ritstjórnarefni sem byggist á sjálfstæðri fréttu- og heimildaöflun. Það tryggir að endurgreiðslurnar lendi hjá þeim sem frumvinna mest efni og miðlum sem þegar hafa sannað tilverurétt sinn og eftirspurn með því að hafa starfað í tiltekin tíma. Þá er það réttlætismál að undanskilja alla þá fjölmiðla sem hafa ekki greitt lögbundin gjöld

til opinbera aðila, lífeyrissjóða og stéttarfélaganna frá því að vera hæfir til að fá endurgreiðslu. Of margir fjölmiðlar hafa fengið að starfa óáreittir árum saman hérlandis á síðustu árum, á grundvelli ólöglegra lána frá hinu opinbera, án þess að gripið hafi verið í taumanna. Þetta hefur valdið öllum þeim fjölmiðlafyrirtækjum sem keppa heiðarlega og löglega miklum skaða.

Viðeigandi væri að stjórnendur fjölmiðla sem sýnt hafa af sér slíka rekstrarhegðun yrðu útilokaðir frá endurgreiðslum þótt þeir verði sér úti um nýtt nafn á miðil og nýja kennitölu. Hægt væri að binda slíka útilokun við t.d. tíu ár.

Þá er nauðsynlegt að fyrir liggja með skýrum og gagnsæjum hætti hvert eignarhald og yfirráð yfir öllum fjölmiðlum séu. Svo virðist sem að á þessu þurfi að skerpa í lögum og færa fjölmiðlanefnd meiri völd til að grípa til aðgerða þegar raunverulegt eignarhald og/eða yfirráð eru falin.

Þetta er mikilvægt, meðal annars til að sporna við því að fjölmiðlafyrirtæki geti orðið að vettvangi peningaþvættis, þar sem illa fengnu fé er komið í vinnu.

Það er óskandi að þetta frumvarp sé einungis fyrsta skrefið af nokkrum sem þarf að stíga til að koma á eðlilegu rekstrarumhverfi og jafnvægi á íslenskum fjölmiðlamarkaði þannig að á honum geti keppt fjölbreytt flóra ólíkra miðla sem saman og í sitthvoru lagi hafa það að megin markmiði að upplýsa almenning. Önnur nauðsynlegt skref eru til að mynda breytingar á rekstrarfyrirkomulagi RÚV með því að draga úr umsvifum þess á auglýsingamarkaði og skapa með því svigrúm fyrir aðra til að auka sínar tekjur.

Fjárlög ársins 2019 gera ráð fyrir því að framlag ríkissjóðs til RÚV hækki um 534 milljónir króna, eða um 12,8 prósent. Breytinguna má rekja til 175 milljón króna hækkunar á framlagi til RÚV vegna sjóðs sem ætlað er að kaupa efni frá sjálfstæðum framleiðendum hérlandis og 360 milljón króna hækkunar á framlagi til RÚV. Alls mun RÚV fá um 4,7 milljarða króna úr ríkissjóði á árinu 2019. Því má ætla að tekjur RÚV fari nálægt, og jafnvel yfir, sjö milljarða króna í ár ásamt þeim auglýsingatekjum sem auglýsingadeild fyrirtækisins, ein sú aðgangsharðasta og öflugasta á landinu, mun væntanlega ná inn í kassann.

RÚV hefur líka getað aukið rekstrarhæfi sitt með öðrum leiðum en auknum tekjum og framlögum á síðustu árum. Samanlagður hagnaður RÚV á árunum 2016 og 2017 nam tæplega 1,8 milljarði króna. Þar skipti hagnaður af sölu byggingalóða við Efstaleiti mestu máli. Engin annar fjölmiðill gat selt ríkiseignir til að auka rekstrarhæfi sitt.

Til viðbótar gerði RÚV tímamótasamkomulag við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) um að breyta skilmálum á skuldabréfi í eigu sjóðsins sem er tilkomið vegna ógreiddra lífeyrisskuldbindinga ríkisfjölmiðilsins. Í samkomulaginu fólst að verulega er lengt í greiðsluferli bréfsins, en lokagjalddagi þess er nú 1. október 2057 í stað 1. apríl 2025. Samhliða er höfuðstóll hækkaður og vextir lækkaðir úr fimm prósentum í 3,5 prósent. Þetta mun gera það að verkum að greiðsla skuldarinnar mun teygja sig til nýrra kynslóða en fjármagnsgjöld sem RÚV greiðir árlega munu lækka umtalsvert.

Þá þarf, á einhverjum tímamarki, að laga samkeppnisstöðu íslenskra fjölmiðla við erlenda fjölmiðla og samfélagsmiðla. Það má til að mynda gera með því að grípa til aðgerða sem miða að því að alþjóðleg stórfyrirtæki, sem hafa étið sig inn í tekjumódel íslenskra fjölmiðla, verði látin greiða skatt hérlendis líkt og íslensku fyrirtækin sem keppa við þau.

Þá er það þannig að skerpa þarf verulega á lögum um banni við t.d. áfengis- og veðmálaauglýsingum. Slík fyrirtæki eru á meðal stærstu auglýsenda í heimi. Það er þannig, í alþjóðavæddum og nettengdum heimi, að íslenskir neytendur sjá slíkar auglýsingar á hverjum degi. Þær eru birtar á samfélagsmiðlum, erlendum netmiðlum, á erlendum sjónvarpsstöðvum sem sumar hverjar eru seldar í áskrift af íslenskum fyrirtækjum, erlendum tímaritum og dagblöðum og í afþreyingarefni sem íslenskir fjölmiðlar kaupa og sýna, t.d. kappleikjum í íþróttum.

Auk þess er bæði áfengissala og veðmál, sem er lögleg starfsemi, auglýst á Íslandi. ÁTVR auglýsir verslanir sínar undir forvarnarformerkjum og Íslensk getspá auglýsir sína veðmálastarfsemi umtalsvert.

Bann við þessum auglýsingum í íslenskum miðlum, og af hendi íslenskra fyrirtækja, gerir ekkert nema að skekkja samkeppnisstöðu þeirra. Það leysir engan vanda sem af þessum vágestum hlýst. Það væri því skynsamlegra að setja skýrar reglur um hvers konar forvarnarskilaboð þurfi að fylgja birtingu slíkra auglýsinga í íslenskum miðlum en að banna þeim að hafa tekjur af þeim.

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við öflun og miðlun fréttu, fréttatengds efnis o.fl.).

Athugasemd 1.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um endurgreiðsluhæfan kostnað.

Í frumvarpinu er hún svona:

Eftirfarandi kostnaðarliðir falla undir endurgreiðsluhæfan kostnað samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða kostnað sem telst frádráttarbær rekstrarkostnaður samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt:

- a. Beinn launakostnaður blaða- og fréttamanna, ritstjóra og aðstoðarritstjóra, myndatökumanna, ljósmyndara og prófarkalesara vegna öflunar og miðlunar á efni skv. d-lið 1. mgr. 62. gr. g.*
- b. Beinar verktakagreiðslur til aðila skv. a-lið vegna öflunar og miðlunar á efni skv. d-lið 1. mgr. 62. gr. g. Laun og verktakagreiðslur teljast eingöngu til endurgreiðsluhæfs kostnaðar séu þau sannanlega skattlögð hér á landi.*

Lagt er til að við ákvæðið bætist ný málsgrein:

Eftirfarandi kostnaðarliðir falla undir endurgreiðsluhæfan kostnað samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða kostnað sem telst frádráttarbær rekstrarkostnaður samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt:

- a. Beinn launakostnaður blaða- og fréttamanna, ritstjóra og aðstoðarritstjóra, myndatökumanna, ljósmyndara og prófarkalesara vegna öflunar og miðlunar á efni skv. d-lið 1. mgr. 62. gr. g.
- b. Beinar verktakagreiðslur til aðila skv. a-lið vegna öflunar og miðlunar á efni skv. d-lið 1. mgr. 62. gr. g.

Laun og verktakagreiðslur teljast til endurgreiðsluhæfs kostnaðar séu þau sannanlega skattlögð hér á landi.

Þrátt fyrir 2 mgr. falla beinar verktakagreiðslur til aðila skv. a-lið, sem skattlagðir eru í öðru landi, vegna kaups á efni skv. d-lið 1. mgr. 62. gr. g. sem unnið er til birtingar á íslensku, undir endurgreiðsluhæfan kostnað samkvæmt lögum þessum, að fjárhæð allt að kr. 10 milljónir hvert almanaksár.

Rökstuðningur/sjónarmið:

1. Umfjöllun um erlend málefni og Ísland í alþjóðlegu samhengi varðar íslenskan almenning miklu máli. Íslenskir fjölmiðlar hafa um árabil keypt efni frá erlendum sérfræðingum, fréttaveitum og fræðimönnum til birtingar í miðlum hér á landi. Má nefna kaup á efni frá AFP, Financial times, Foreign Policy og fræðimönnum og sérfræðingum sem skrifa greinar í blöð á alþjóðavettvangi.
2. Þessi umfjöllun skiptir miklu máli og er hluti af uppfræðsluhlutverki fjölmiðla og almannaþjónustu þeirra. Þetta efni er ekki alltaf endilega vinsælasta efnið, og því gætu fjölmiðlar freistast til þess að leggja minni áherslu á að sinna þessari þjónustu. Mikilvægt er að halda inni

hvata í lögum þessum, til að sinna þessari hlið blaða- og fréttamennskunnar af metnaði, og þá sem hluta af almannajónustuhlutverki fjölmiðla. Í alþjóðavæddum heimi má ekki gleyma mikilvægi erlendra fréttu og sérfræðiskrifa erlendis frá, ekki síst þar sem Ísland heldur úti umfangsmikilli utanríkisþjónustu á vegum hins opinbera, á í mikilvægu viðskiptasambandi við útlönd og erlendis búa tæplega tíu prósent Íslendinga. Ísland er hluti af alþjóðavæddum heimi, og tækifæri þeirra sem hafa mikilvægar upplýsingar fram að færa fyrir Íslenskan almenning, eiga að ekki að þurfa að skerðast vegna þess hvar þeir eru með lögheimili.

Athugasemd 2.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um skilyrði endurgreiðslu.

Í frumvarpinu er hún svona:

Skilyrði fyrir endurgreiðslu til einkarekins fjölmiðils, sbr. 62. gr. i, eru eftirfarandi:

- a. Um sé að ræða endurgreiðsluhæfan kostnað samkvæmt 62. gr. h.*
- b. Fjölmiðill skal vera skráður eða hafa leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar samkvæmt IV. kafla og uppfylla að öðru leyti skilyrði laga þessara.*
- c. Fjölmiðill hafi starfað óslitið í tólf mánuði eða lengur fyrir þann tíma er umsókn berst til fjölmiðlanefndar.*
- d. Aðalmarkmið prent- og netmiðla skal vera miðlun fréttu, fréttatengds efnis og umfjöllun um samfélagsleg málefni. Hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar skulu starfrækja sjálfstæða fréttastofu eða miðla daglega nýjum fréttum, fréttatengdu efni eða umfjöllun um samfélagsleg málefni.*
- e. Efni sem birtist í fjölmiðli skal vera fjölbreytt og fyrir allan almenning á Íslandi.*
- f. Prentmiðlar skulu koma út að lágmarki fjörutíu og átta sinnum á ári. Netmiðlar, hljóðog myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar skulu miðla nýju efni samkvæmt d-lið daglega.*
- g. Ritstjórnarefni skal að lágmarki vera 40% af því efni sem birtist í prentmiðlum sem dreift er endurgjaldslaust til lesenda. Ritstjórnarefni í öðrum prentmiðlum og hjá netmiðlum skal að lágmarki vera helmingur af birtu efni. Sömu skilyrði eiga við um staðbundna prent- og netmiðla, en áskilið er að minnst helmingur ritstjórnarefnis varði útbreiðslusvæði miðilsins með beinum eða óbeinum hætti. h. Einn sjötti hluti ritstjórnarefnis sem birtist í prent- og netmiðlum skal byggja á sjálfstæðri fréttu- eða heimildaöflun. Sami áskilnaður er gerður um fréttir, fréttatengt efni og umfjöllun um samfélagsleg málefni sem miðlað er af hljóð- og myndmiðlum og öðrum sambærilegum miðlum.*

Lagt er til, að orðlagið í frumvarpinu, verði á þessa leið:

Skilyrði fyrir endurgreiðslu til einkarekins fjölmiðils, sbr. 62. gr. i, eru eftirfarandi:

- a. Um sé að ræða endurgreiðsluhæfan kostnað samkvæmt 62. gr. h.*
- b. Fjölmiðill skal vera skráður eða hafa leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar samkvæmt IV. kafla og uppfylla að öðru leyti skilyrði laga þessara.*

- c. Fjölmiðill hafi starfað óslitið í tólf mánuði eða lengur fyrir þann tíma er umsókn berst til fjölmiðlanefndar.
- d. Aðalmarkmið prent- og netmiðla skal vera miðlun fréttu, fréttatengds efnis og umfjöllun um samfélagsleg málefni. Hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar skulu starfrækja sjálfstæða fréttastofu eða miðla daglega nýjum fréttum, fréttatengdu efni eða umfjöllun um samfélagsleg málefni.
- e. Efni sem birtist í fjölmiðli skal vera fjölbreytt og fyrir allan almenning á Íslandi.
- f. Prentmiðlar skulu koma út að lágmarki fjörutíu og átta sinnum á ári. Netmiðlar, hljóð og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar skulu miðla nýju efni samkvæmt d-lið daglega.
- g. Ritstjórnarefni skal að lágmarki vera 40% af því efni sem birtist í prentmiðlum sem dreift er endurgjaldslaust til lesenda. Ritstjórnarefni í öðrum prentmiðlum og hjá netmiðlum skal að lágmarki vera helmingur af birtu efni. Sömu skilyrði eiga við um staðbundna prent- og netmiðla, en áskilið er að minnst helmingur ritstjórnarefnis varði útbreiðslusvæði miðilsins með beinum eða óbeinum hætti.
- h. Einn sjötti hluti ritstjórnarefnis sem birtist í prent- og netmiðlum skal byggja á sjálfstæðri fréttu- eða heimildaöflun. Sami áskilnaður er gerður um fréttir, fréttatengt efni og umfjöllun um samfélagsleg málefni sem miðlað er af hljóð- og myndmiðlum og öðrum sambærilegum miðlum.
- i. Fjölmiðlafyrirtæki sem sækir um endurgreiðslu má ekki hafa meira en 1.000 milljónir í tekjur á ári.**

Rökstuðningur/sjónarmið:

1. Fyrirtæki sem eru með meira en 1.000 milljónir í tekjur á ári eru í sterkri stöðu gagnvart minni fyrirtækjum á litlum íslenskum markaði fyrir fjölmiðla.
2. Endurgreiðslur kostnaðar, samkvæmt skilgreiningu, er óverulegur hluti fyrir fyrirtæki af þeirri stærðargráðu að tekjur ná því að vera meira en 1.000 milljónir á ári.
3. Má sem dæmi nefna að stærsta einkarekna fjölmiðlafyrirtæki landsins sem sinnir fréttapjónustu, Sýn, var með 14.268 milljónir króna í tekjur á árinu 2017 og eigið fé á sama tíma upp á 10.131 milljón króna. Hámarksendurgreiðslur upp á 50 milljónir nema því um 0,5 prósent af eigin fé þess fyrirtækis. Það félag er auk þess skráð á aðallista Nasdaq kauphallar Íslands og er með stærstu lífeyrissjóði landsins sem helstu hluthafa.
4. Fyrir mörg minni fyrirtæki er samkeppnin við stærstu fyrirtækin á markaðnum oft erfið. Endurgreiðslur kostnaðar hjá fjölmiðlafyrirtækjum, sem hafa þann hvata að styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi í greininni, tryggja betur fjölbreytni og grósku í greininni, og endurnýjun til framtíðar litið.
5. Með því að setja skorður við 1.000 milljónir í tekjur á ári - án þess að skerða heildarframlagið sem stjórnvöld ráðstafa - þá beinist endurgreiðsla kostnaðar að minni fyrirtækjum, þar á meðal nýjum fyrirtækjum og frumkvöðlum. Það er í takt við áherslur stjórnvalda, meðal annars þegar

kemur að endurgreiðslu á kostnaði við rannsóknir og þróun, hjá nýsköpunar- og iðnfyrirtækjum, og stuðningi við lítil og meðalstór fyrirtæki.

6. Stjórnvöld hafa yfirlýsta stefnu í stjórnarsáttmála um að gera skilyrði fyrir frumkvöðlastarfsemi framúrskarandi. „Skilyrði fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki verði framúrskarandi,“ segir í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur. Ef allra stærstu fyrirtækin eiga að njóta ívilnana á sviði fjölmiðlunar, langt umfram þau minni, þá getur það haft neikvæð áhrif á frumkvöðlastarfsemi á sviði fjölmiðlunar.

Með því að styðja við frumkvöðlastarfsemi á sviði fjölmiðlunar, og einangra stuðninginn við fyrirtæki í uppbyggingu, smærri fyrirtæki eða með sérhæfða starfsemi, sem ekki veltir meiru en 1.000 milljónum á ári, þá nýtist féð vel og með áhrifamiklum hætti. Fyrirtæki geta frekar sótt fram með slíkum stuðningi, frekar en þau stærri, sem jafnvel hafa lítil sem engin sóknarfæri til vaxtar.

Án þess að hafa takmarkanir á stærð fyrirtækjanna - með tilliti til tekna - sem geta sótt um endurgreiðslu kostnaðar, þá fer stærsti hluti fjármunanna ávallt til stærstu fyrirtækjanna á markaðnum, sem hafa fjársterka hluthafa, digrustu sjóðina og mestu möguleikana til að fóta sig á litlum og viðkvæmum samkeppnismarkaði.

7. Mikilvægt er að huga að því að lítil og meðalstór fyrirtæki eru hryggjarstykkið í hagkerfinu, og þar vinna flestir landsmenn, eða um 70 til 80 prósent samkvæmt upplýsingum Samtaka atvinnulíffsins. Ívilnanir eins og þessar sem hið opinbera ætlar að lögfesta, þurfa að taka tillit til þess.

8. Sérfræðingar tala fyrir því að stuðningur við nýsköpun sé markviss þegar hann kemur á réttum tíma, hjá litlum fyrirtækjum, ekki síst þeim sem eru að slíta barnskónum. Í þessu tilviki, þar sem horft er til þess að fjárfesta 400 milljónum á ári, í að styrkja ritstjórnarvinnu fjölmiðla, þá liggur fyrir, að stór fyrirtæki sem taka megnið af upphæðinni til sín, eru afar ólíkleg til að valda miklu margfeldi í sínum rekstri með 50 milljónum.

Sé dæmi tekið af Sýn, stærsta einkarekna fjölmiðlafyrirtækinu sem sinnir ritstjórnarvinnu á Íslandi, þá námu skuldir fyrirtækisins 15,2 milljörðum króna í lok árs 2017. Hámarksendurgreiðslan, 50 milljónir, er 0,3 prósent af þeirri upphæð, og aðeins brot af árlegum vaxtakostnaði fyrirtækisins. Hjá minni fyrirtækjunum hefur endurgreiðslan mun meiri margfeldisáhrif þar sem hún getur farið beint í ráðningar á starfsfólki/blaðamönnum, faglega uppbyggingu og frekari vöxt. Þannig styrkir hún beint fjölmiðlunina og skapar hinu opinbera meiri tekjur, frekar en þegar upphæðin rennur til stóru fyrirtækjanna.

9. Svo má bæta við að Sýn og Síminn, tvö stærstu einkareknu fjölmiðlafyrirtækin, njóta nú þegar mikils ágóða af niðurgreiðslukerfi hins opinbera, sem styður við framleiðslu í kvikmyndagerð. Framleiðendur kvikmynda eða sjónvarpsefnis á Íslandi eiga kost á endurgreiðslum á allt að 25 prósent af framleiðslukostnaði sem fellur til hér á landi. Það er mikill styrkur, sem flest önnur einkarekin fjölmiðlafyrirtæki í landinu geta ekki nýtt sér af neinu ráði, sökum lágmarksumfangs

sem þarf til að geta nýtt þær aðgerðir. Það má svo bæta við, að það kerfi hefur reynst mikilvægt til að stuðla að faglegri kvikmyndagerð, að mati stjórnvalda, og hefur með árunum verið eftt, meðal annars vegna þess að styrkirnir eru taldir skila sér til baka með meiri veltu og nýjum skatttekjum.

10. Það sem nýtist stærstu fyrirtækjunum á markaði best, er að hlutverk RÚV verði takmarkað á auglýsingamarkaði. Það myndi skila sér mest til þeirra stærstu, til skemmri tíma. Breytingar í þá veru eru ekki hluti af þessum lagabreytingum, en ættu að koma til skoðunar sem fyrst, þegar kemur að því að styrkja rekstrarumhverfi fjölmiðlafyrirtækja á Íslandi (sjá almenna umsögn meðfylgjandi).

Athugasemd 3.

Gerð er athugasemd við hluta af umfjöllun um einstakar greinar frumvarpsins.

Í frumvarpinu er hún svona:

„Skilyrðið er matskennt en almennt má segja að í áskilnaði um fjölbreytileika þess efnis sem birtist í fjölmiðli sé átt við að efnið hafi breiða skírskotun og efnistöð séu almenn og fjölbreytt þannig að birt efni sé ekki nær eingöngu bundið við ákveðið afmarkað eða afmörkuð svið, svo sem menningu, trúmál, íþróttir, matreiðslu, lífstíl eða tísku.“

Lagt er til, að orðlagið í frumvarpinu, verði á þessa leið:

„Skilyrðið er matskennt en almennt má segja að í áskilnaði um fjölbreytileika þess efnis sem birtist í fjölmiðli sé átt við að efnið hafi breiða skírskotun og efnistöð séu almenn og fjölbreytt.“

Rökstuðningur/sjónarmið:

1. Þó vitnað sé til norskrar fyrirmyndar í þessum texta í umfjöllun um einstakar greinar frumvarpsins, þá er mikilvægt að hafa í huga að Ísland er eitt og Noregur annað. Íslenski markaðurinn er örmarkaður með einungis 350 þúsund íbúa en Noregur er margfalt stærri með rúmlega 5 milljónir íbúa.

2. Sérhæfing er eitt af því sem er talið eitt það mikilvægasta í blaðamennsku, þar sem þekking blaðamanna á ákveðnum sviðum byggist upp með menntun og reynslu. Með sérhæfingu tekst að byggja upp sérþekkingu á ákveðnum málefnum og litlir miðlar sem sérhæfa sig í tilteknum málaflokkum þjóna mikilvægum tilgangi fyrir almenning, og geta markað sér stöðu til að byggja upp starfsemi.

3. Taka má miðla sem sinna umfjöllunum um tilteknaríþróttir og lýðheilsu sem dæmi. Þeir byggja upp sérhæfingu á ákveðnum sviðum, sem tengjast mikilvægum atriðum fyrir almenning. Hættan

er sú að það verði of mikil einsleitni í fjölmiðlalandslaginu ef sérhæfð fréttapjónusta minnkar eða veikist.

4. Annað dæmi er umfjöllun um efnahagsmál og viðskipti. Það er sérhæfð fréttapjónusta. Umfjöllunin varðar almenning miklu máli, eins og reyndin er með það sem snertir efnahag fyrirtækja og heimila. Sérhæfing þar er styrkur og mikilvægt að henni sé viðhaldið og hún efl.

5. Hið sérhæfða hlutverk er ekki síður mikilvægt fyrir fjölmiðlaflóruna, og það ritstjórnarstarf, til dæmis í gegnum hlaðvörp, fréttaskrif og myndbandsinnslög, skiptir miklu máli fyrir fjölbreytt fjölmiðlalandslag.

6. Eins og íslenskt fjölmiðlalandslag hefur þróast, meðal annars með töluverðu brottfalli úr greininni og hagræðingu, þá er skynsamlegt að styrkja sérhæfða miðla - fyrst það er verið að gera það á annað borð - sem til dæmis sinna umfjöllun um menningu, íþróttir, lýðheilsu, viðskipti, rannsóknir, vísindi, málefni einstakra svæða, og slík málefni. Með því að einangra endurgreiðslu kostnaðar við vítt hlutverk, þá beinast fjármunirnir frekar til stærstu miðlana, sem geta frekar skilgreint sig með þeim hætti, sem orðalagið í umfjöllun um einstakar greinar frumvarpsins gerir ráð fyrir. Mikilvægt að er að muna að litlu sérhæfðu miðlarnir skipta miklu máli, og eru líklegri til að nýta fjármunina til vaxtar og margfeldis frekar en þeir stóru. Þeir eru ekki síður mikilvægir en stóru fjölmiðlafyrirtækin.

Magnús Halldórsson og Þórður Snær Júlíusson, hluthafar, stofnendur og stjórnendur hjá Kjarnanum miðlum ehf.

